

- 43 66. Wesseling, Miriam Wilhelmina Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 22. október 1913 í Hollandi.
18. maí 67. Wind, Arne Kristian Marius, landbúnaðarverkamaður að Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fæddur 19. nóvember 1921 í Danmörku.
68. Wind, Else Ketty, húsmóðir, Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fædd 24. janúar 1915 í Danmörku.
69. Zeeuw, Margaretha de, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 31. janúar 1927 í Hollandi.

2. gr.

Peir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

44

18. maí

HEILSUVERNDARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kaupstaðir og önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, sem reka heilsuverndarstöðvar samkvæmt ákvæðum laga þessara, hljóta til þess styrk úr ríkissjóði, er nemur þriðjungi eðlilegs rekstrarkostnaðar samkvæmt úrskurði ráðherra.

Nú er sveitarfélag ekki aðili að rekstri heilsuverndarstöðvar í nágrenni þess, og má þó heilsuverndarstöðin með samþykki ráðherra taka að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir sveitarfélagið fyrir umsamið hæfilegt gjald, enda greiðist þriðjungur þess úr ríkissjóði.

2. gr.

Helztu heilsuverndargreinar eru:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd.
5. Íþróttæftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Berklavarnir.
8. Kynsjúkdómavarnir.
9. Áfengisvarnir.
10. Geðvernd.
11. Almennar sjúkdómavarnir.
12. Aðstoð við fatlaða og vangefna.
13. Almennar þrifnaðarráðstafanir.

3. gr.

44

Ákveða skal í reglugerð, er sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja og ráðherra staðfestir, um starfsemi heilsuverndarstöðvar, til hverra heilsuverndargreina hún skuli taka og hversu hverja grein skuli rækja, og hvernig haga skuli stjórn og umsjón heilsuverndarstöðvar undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

4. gr.

Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva, að því er tekur til heilsuverndargreina samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 2. gr., skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs.

Að öðru leyti, og þar sem kostnaður af rekstri heilsuverndargreina samkvæmt 1. málsg. verður ekki aðgreindur sérstaklega, fer um þátt sjúkrasamlaga í greiðslu kostnaðar af rekstri heilsuverndarstöðva eftir samkomulagi sveitarstjórna við sjúkrasamlögin. Ef samkomulag næst ekki um greiðsluna, er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins og samkvæmt kröfu hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, að úrskurða, að sjúkrasamlagið (sjúkrasamlögin) greiði allt að þriðjungum eðlilegs rekstrarkostnaðar.

Nú taka gildi ákvæði almannatryggingalaga um heilsugæzlu, og færast þá greiðslur sjúkrasamlaga til heilsuverndarstöðva yfir á þá starfsemi.

5. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, að mati ráðherra, að komið sé upp sérstökum byggingum til rekstrar heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum, fer um þær framkvæmdir og styrk úr ríkissjóði til þeirra sem um sjúkrahúsbyggingar sveitarstjórna samkvæmt sjúkrahúsalögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 64 1. desember 1944, um heilsuverndarstöðvar, og enn fremur 76. og 77. gr. l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, að því er tekur til heilsuverndarstöðva.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.